

Dómsorð:

Varnaraðili, Þormóður Eyjólfsson h/f, greiði sóknaraðilja, Jóni Gíslasyni, kr. 101.76, en málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. október 1951.

Nr. 14/1950. **Tryggvi Einarsson** (Ragnar Jónsson)
gegn

Agli Árnasyni f. h. ófjárráða barna hans,
Más, Árna og Kristínar (Jón N. Sigurðsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Krafa um reikningsskil.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. febrúar f. á. Krefst hann algerrar sýknu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að áfrýjanda verði dæmt að láta honum í té að viðlögðum 100 króna dagsektum greinargerð um eftirtalin atriði varðandi nýtingu jarðarinnar Miðdals í Mosfellssveit tímabilið 1. janúar 1945 til 27. júlí 1949:

- a. Leigur eftir lönd, sem leigð hafa verið til ræktunar og undir sumarbústaði.
- b. Tekjur af leigðum veiðiréttindum.
- c. Magn kvarz, sem árlega hafi verið unnið.

Loks krefst stefndi þess, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um málskostnað og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Umboðsmenn aðilja hafa lagt fyrir Hæstarétt nokkur ný skjöl. Hafa þeir gagnkvæmt samþykkt, að skjölum þessum verði gaumur gefinn við úrlausn málsins. Þá hefur stefndi

og samþykkt, að áfrýjandi hefði hér fyrir dómi uppi kröfur og málsástæður.

Áfrýjandi hefur staðhæft, að háflendur jarðarinnar Miðdals í Mosfellssveit hafi verið aðgreindar með skiptingu jarðarinnar, áður en stefndi eignaðist háflendu þá, er hann skyldi njóta arðs af frá 1. janúar 1945. Eftir þann tíma kveðst áfrýjandi hvorki hafa unnið kvarz á landi stefnda né haft leigur af lendum þar eða tekjur af veiðirétti fyrir því landi. Telur áfrýjandi sér því óskýlt að gefa stefnda skýrslu um fyrrgreind atriði. Gegn andmælum stefnda hefur áfrýjanda eigi í máli þessu tekizt að færa sönnur að því, að skipting jarðarinnar hafi verið komin á, er stefndi eignaðist jarðarhluta sinn, og er því ekki unnt að taka þessa sýknuástæðu til greina. Í annan stað hefur áfrýjandi haldið því fram, að hann hafi haft ábúðarrétt á háflendu stefnda umrætt tímabil. Af því leiðir, að stefndi eigi engan rétt til reikningsskila þeirra, sem krafizt er. Stefndi hefur neitað því, að áfrýjandi hafi haft ábúðarrétt þenna, og er það ósannað. Þessi varnarástæða stoðar áfrýjanda því ekki.

Í flutningi málsins hér fyrir dómi kom það fram, að áfrýjandi hefur eftir 1. janúar 1945 afhent hinum stefnda fyrirsvarsmanni, Agli Árnasyni, nokkurt magn af kvarzi frá Miðdal. Á stefndi ekki rétt til greinargerðar um það magn. En eins og á stendur, þykir mega taka kröfu stefnda um reikningsskil af hálfu áfrýjanda að öðru leyti til greina að viðlögðum 50 króna dagsektum úr hendi áfrýjanda, ef hann hefur eigi gert reikningsskil innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1500.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Tryggvi Einarsson, láti innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 50 króna dagsektum stefnda, Agli Árnasyni f. h. ófjárráða barna hans, Más Arna og Kristínar, í té greinargerð um leigur eftir lendur til ræktunar og undir sumarbústaði og tekjur af veiðiréttindum í Miðdal í Mosfellssveit tímabilið 1. janúar

1945 til 27. júlí 1949 svo og um magn kvarz, er unnið hefur verið í landi jarðarinnar sama tímabil, að undanskildu því magni, sem hann hefur afhent Agli Árnasyni.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 6. des. 1949.

Ár 1949, þriðjudaginn 6. desember, var bæjarþing Hafnarfjarðar sett í réttarsal embættisins og haldið af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, sem þá kvað upp dóm í ofangreindu máli, sem dómtekið var 15. nóv. s.l.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu með stefnu, útgefinni 22. sept. 1949, af Agli Árnasyni stórkaupmanni, Reykjavík, f. h. ófjárráða barna hans, Más, Árna og Kristinar, gegn Tryggva Einarssyni bónda í Miðdal í Mosfellssveit, og hefur gert eftirfarandi stefnukröfur:

- I. A. Að stefndi, Tryggvi Einarsson, verði með dómi og að viðlögðum 100 króna dagsektum skyldaður til að gera stefnanda nákvæma grein fyrir arði jarðarinnar Miðdals í Mosfellssveit frá 1. jan. 1945 til 27. júlí 1949.
- B. Að sú skilagrein verði nákvæm og sundurliðuð þannig:
 - a. Leigur eftir lönd, sem leigð eru til ræktunar og undir sumar-bústaði.
 - b. Tekjur af leigðum veiðiréttindum.
 - c. Tekjur af kvarznámi (kvarzmagn unnið, brúttó-verð og nettó-verð).
 - d. Tekjur af öðrum landsnytjum.

- II. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu eftir reikningi eða mati réttarins.

Við þingfestingu málsins í aukadómþingi að Brúarlandi í Mosfellssveit 12. okt. s.l. mætti stefndi Tryggvi Einarsson, og fékk frest í málinu til 15. nóv. s.l. Jafnframt varð að samkomulagi að flytja málið í bæjarþingi Hafnarfjarðar, og skyldi það rekið og dæmt þar.

Er málið kom í rétt í bæjarþingi Hafnarfjarðar 15. nóv. s.l., mætti stefndi ekki og enginn af hans hálfu og skilaði engri greinargerð.

Ber því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og málsframsetningu stefnandans.

Málavextir eru þessir:

Með afsali, dags. 18. janúar 1945, keypti stefnandinn vegna fyrrgreindra barna sinna hálfendu jarðarinnar Miðdals (nyrðri jarðarhlutann) af stefnda, Tryggva Einarssyni, og voru kaupin miðuð við 1. jan. 1945. Ágreiningur varð um merki milli hálfendnanna, en með samningi, dags. 27. júlí 1949, varð samkomulag um merki. Telur því stefnandinn, að jörðin hafi

verið í óskiptri sameign stefnanda og stefnda þenna tíma og hvor um sig skyldi hafa hálfan arð, en greiða af sinni hálfu skatta og skyldur.

Stefndi hefur setið sinn hluta jarðarinnar, en stefnandi ekki, sem hann segir, að hafi verið bæði vegna ágreinings um merkin, eins og áður segir, að auk þess hefði afsal hreppsins á forkaupsrétti fyrst borizt stefnanda með bréfi, dags. 2. ágúst 1948.

Þá segir stefnandinn, að stefndi hafi hirt arð allrar jarðarinnar allan þenna tíma, en einnig greitt af henni skatta og skyldur.

Telur stefnandinn sig eiga hálfan arð allrar jarðarinnar frá 1. jan. 1945 til 27. júlí 1949, að skipti tókust. Með bréfi, dags. 9. ágúst 1949, kveðst stefnandinn hafa krafist stefnda um nákvæma og sundurliðaða skilagrein fyrir þessum arði, og krafizt svars eigi síðar en 10 dögum eftir móttöku bréfsins, sem birt var af stefnuvottum fyrir stefnda sjálfum 20. ágúst s.l.

Segist stefnandinn ekkert svar hafa fengið frá stefnda og telji sér því nauðsyn að höfða mál þetta, því ómögulegt sé fyrir stefnda að upplýsa um arð jarðarinnar, nema að krefja stefnda sagna um það.

Í málinu eru lögð fram fullnægjandi gögn fyrir því, að ófjárráða börn stefnandans, Már og Árni Egilssynir og Kristín Egilsdóttir, eru lögformlegir eigendur að háflendunni Miðdal (nyrðri jarðarhlutanum) tímabilið 1. janúar 1945 til 27. júlí 1949, eða þann tíma, sem hér ræðir um, og jörðin þá verið í óskiptri sameign, en setin af stefnda.

Verður því að fallast á, að stefnandinn hafi löglegan rétt til að krefja stefnda að gera nákvæma grein fyrir arði jarðarinnar og öðrum þeim upplýsingum, sem hér er rakið í upphafi undir I A og B a-d.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfu stefnandans til greina að öllu leyti, einnig málskostnaðarkröfu hans, er þykir hæfilega metin á kr. 600.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Tryggvi Einarsson, skal innan fjögra vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlögðum 100 króna dagsektum gera stefnandanum, Agli Árnasyni f. h. ófjárráða barna hans, nákvæma sundurliðaða skilagrein fyrir arði jarðarinnar Miðdals í Mosfellssveit frá 1. janúar 1945 til 27. júlí 1949. Þá greiði stefndi stefnandanum í málskostnað 600 krónur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.